

Stjórnarfundur LH 29. mars 2007

5. fundur. Haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Sigurður Ævarsson, Sigfús Helgason, Hinrik Már Jónsson, Marianna Gunnarsdóttir og Þorvarður Helgason. Einnig mættu Regína Gunnarsdóttir og Sólveig Ásgeirsdóttir af skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið var yfir fundargerð s.l. stjórnarfundar og hún samþykkt án athugasemda en dagsetning á fundargerð aukafundar var ekki rétt og einnig vantaði inn 2 nöfn og verður þetta leiðrétt.

Í framhaldinu af þessu var rætt um kynningarfund sem LH ætlar að halda með stjórnsmálaflokkunum nú fyrir kosningar. Sólveig og Regína finna tíma fyrir fundinn en stefnt skal að því að hafa hann í 3 viku í apríl. Boða skal 1-3 fulltrúa úr hverjum flokki en fundurinn verður opinn öllum þeim sem hafa áhuga. Þær hugmyndir komu upp að halda fundinn í Íþróttamiðstöðinni eða í Reiðhöllinni í Víðdal og vera þar með smá hestasýningu fyrir stjórnsmálsmennina. Undirbúa þarf spurningar og var ákveðið að Halldór Halldórsson, Vilhjálmur Skúlason og Haraldur Þórarinnsson sjái um þann þátt. Til að nýta daginn verður boðaður stjórnarfundur LH.

2. Skipulagsmál

Regína kynnti plagg sem hún hefur verið að taka saman undanfarið um hvað LH getur selt og boðið til fyrirtækja og styrktaraðila.

Heimasíðu LH þarf að taka rækilega í gegn og hefur Regína unnið að því að fá upplýsingar um tilboð hjá ýmsum aðilum varðandi það. Næstu skref eru að gera þarfagreiningu meðal hestamannafélaga og stjórnar LH til að fá betri yfirsýn yfir hvaða þjónustu vantar á síðuna. Ákveðið var að Regína haldi áfram að fá tilboð og upplýsingar um heimasíður og verði með fastmótaðar hugmyndir á næsta fundi.

3. Hvanneyri

Haraldur las upp samning LH við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sem er rammameningur og viljayfirlýsing um samstarf. Samningar verða svo gerðir sérstaklega um hvert og eitt verkefni sem Hvanneyri og LH ákveða að ráðast í.

Sigfús vekur máls á því að hann harmi að ekki hafi verið gerður sambærilegur samningur við Hólaskóla og var stjórn LH sammála honum um það.

4. Landsmót

Rætt var um Landsmót og höfðu menn áhyggjur af hvað hægt gengur en ekki er ennþá búið að undirrita samninga við Gaddstaðaflatar og engin opinber dagsetning komin.

Haraldur lagði til að stjórn og varastjórn LH muni hittast á einum fundi og ræða eingöngu framtíð og skipulag Landsmóts ehf.

5. Önnur mál

a. Haraldur kynnti bréf frá Framleiðnisjóði þar sem styrkur vegna landsliðs LH hefur minnkað en ástæðan segja þeir að sé vegna mikillar skerðingar á fé í sjóðinn og hafi þetta komið niður á öllum þeim sem sóttust eftir styrkjum.

b. Einnig var komin niðurstaða frá ÍSÍ um ríkisstyrkinn og var um óbreytta fjárhæð þar að ræða.

c. Haraldur tók fyrir umræðuna sem var búin að vera í gangi vegna herrakvölds Harðar. Ákveðið var að setja saman smá fréttatilkynningu frá stjórn LH inná heimasíðu LH um málið og tjá sig ekki að öðru leiti meira um þetta mál.

d. Ákveðið var að tala við Halldór Halldórsson um ráðningu starfsmanns í reiðvegamálg og athuga hvort að sveitarfélög, umhverfisráðherra o.fl. væru tilbúin að leggja til fé á móti LH til að kosta hann.

e. Samþykkt var að standa við bakið á Einari Ragnarssyni um að finna gott fólk til að stinga upp á í dómara nefnd FEIF sem á að skipa á næstu alþjóða dómara ráðstefnu í Austurríki. Einar er með tillögu um málið og ætlar Hinrik Már að taka það að sér með Einari.

f. Sigfús sagði frá því starfi sem hann er búinn að vinna fyrir Gnýfara á Ólafsfirði vegna vandræðaástands sem ríkir í hesthúsa verfinu þar. Stefán Konráðsson hjá ÍSÍ og Kristján Þór Júlíusson fyrrverandi bæjarstjóri Akureyrar eru tilbúnir að hjálpa til við að greiða götu hestamanna á Ólafsfirði.

Ekki var fleira tekið til umfjöllunar og fundi slitið kl. 15:00 vegna blaðamannafundar LH.

Fundarritari: Sólveig Ásgeirsdóttir